



Fundargerð

26. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. Kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 17. desember 2024 og hófst kl. 8:15

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Ingibjörg Garðarsdóttir.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Niðurstaða haustfundar og úrvinnsla

Framkvæmdastjórn fór yfir fundargerð haustfundar sem haldinn var 15. okt sl. á Hótel Geysi og þau verkefni sem fundurinn samþykkti að fela stjórn.

Haustfundurinn samþykkti að skipaður yrði vinnuhóp til að greina kostnað við Brunavarnir og vinna tillögu að skiptingu kostnaðar. Öll sveitarfélög hafa tilnefnt fulltrúa og hefur formaður Héraðsnefndarinnar boðað til fyrsta vinnufundar í byrjun janúar.

Á haustfundinum voru nýjar samþykktir fyrir Brunavarnir og Tónlistarskólann samþykktar og vísað til samþykktar í aðildarsveitarfélögum í tveim umræðum. Formaður upplýsti að öll sveitarfélög, fyrir utan eitt, hafi samþykkt samþykktirnar í tveim umræðum. Þegar samþykki allra sveitarfélaga liggur fyrir verði Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur falið að koma samþykktunum til viðeigandi stofnana í samræmi við bókun haustfundar.

Á Haustfundinum var framkvæmdastjórn ásamt stjórnnum Listasafns, Héraðsskjalasafns og Byggðasafnsins falið að taka saman kosti og galla við að sameina söfnin í eitt byggðasamlag. Áætlað er að fyrsti fundur þessara stjórna

fari fram í janúar. Framkvæmdastjórn stefnir á að funda í upphafi árs 2025 og ákveða með fyrsta fundi þessa vinnuhóps.

3. Lausarfjárstaða Héraðsnefndarinnar

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndarinnar felur fjárhaldsmanni nefndarinnar að hafa samband við sveitarfélögin og óska eftir því að greiðslur berist í ellefu greiðslum í stað tólf og er það einkum gert til að koma í veg fyrir sjóðspurrð og tafir á greiðslum til byggðasamlaganna. Janúar greiðslan verður þá tvöföld og engin greiðsla í desember.

Fundi slitið kl. 8:55

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir